

Skýrsla prófstjóra – 2013 haust og 2014 vor

2013 haust

Próftafla var samin af Þórnari Ingólfssyni, aðstoðarskólameistara. Prófatíminn var frá 2. desember til 12. desember. Undirbúningur fyrir prófin hófst fyrir alvöru 17. nóvember. Gögn fóru í stofurnar 30. nóvember. Lögð voru 2.669 próf fyrir nemendur fyrir utan sjúkrapróf. Fjöldi nemenda í prófum í einstökum greinum var mestur í stærðfræði (589 nemendur - í fjórum stokkum) - í stærsta stærðfræðistokknum voru 395 nemendur. Ljóst er að nemendur sleppa síst við próf í stærðfræði. Önnur fjölmennasta greinin var íslenska með heildarfjöldann 498 nemendur í þremur stokkum. Fæstir nemendur voru í prófum í framhaldsáföngunum í iðnteikningu – TEH203 (4 nem.) og TEH303 (8 nem.) og í RAM303 (6 nem.), RTM202 (5 nem.) og TÖL113 (3 nem.).

38 próf voru lesin inn fyrir 27 nemendur. Hljóðskrárnar voru settar í tölvur sem almennt voru staðsettar í stofu 208, en í nokkrum tilfellum í stofu 212 og í enskuprófunum einnig stofu 207. 16 nemendur tóku próf á tölvu (23 próf) og tveir af þeim voru einnig með hljóðskrá. Að venju hafði Helgi Hermannsson yfirumsjón með þessum málum og var aðstoð hans ómetanleg. 65 nemendur fóru fram á að taka prófin í fámenni (114 próf), 3 í einmenni og 2 nemendur tóku munnlegt próf að hluta. Fjöldi óska um fámenni var svipaður og á haustönn 2012 – reyndist því nauðsynlegt að nota bæði stofu 208 og 212 fyrir séraðstæður, en bæta þurfti við 1 – 3 stofum við í stærðfræði, ensku og íslensku. Mest var um séraðstæður í stærðfræði (28 nemendur). Fimm nemendur fóru fram á að taka prófin í heimabyggð.

Magn yfirsetu hjá kennurum var reiknað út frá kennslumagni á önninni. Flestir kennarar áttu að sitja yfir 4-5 sinnum. Ekki reyndist þörf á svo mörgum yfirsetum og flestir sluppu með 1-2 yfirsetum minna en kennslumagn sagði til um.

Sjúkraprófin gengu almennt vel fyrir sig – ekki var dagur á milli síðasta prófs og sjúkraprófa, það setti aukinn þrýsting á skipulagið. Kennarar áttu að skila prófum í skjalaskápinum á skrifstofunni fyrir kl. 13:00 miðvikudaginn 11. des., daginn fyrir sjúkraprófsdag. Flest prófanna voru komin þangað á réttum tíma. Þann 14. des. kl. 8:30 hófust sjúkraprófin, nema sjúkrapróf í stafsetningu (ÍSL102 og 202) sem byrjaði kl. 11:30. 103 nemendur tóku sjúkrapróf, flestir tóku eitt próf, en 7 nemendur tóku tvö og 2 nemendur þrjú, í flestum tilfellum hvort á eftir öðru, nema þar sem um sjúkrapróf í stafsetningu (1 nem.) var að ræða. 24 nemendur fengu að fara í sjúkrapróf vegna prófklemmu. Tveir nemendur fóru í endurtektarpróf mánudaginn 16. des. og þrír nemendur þriðjudaginn 17. des., í báðum tilfellum kl. 8:30.

Prófstjóri dreifði sjúkraprófunum í stofurnar að morgni sjúkraprófsdags – daginn áður hafði þeim verið raðað samkvæmt stofumiðum. Stofumiðar vor líka hengdir upp og settir í stofurnar daginn fyrir sjúkrapróf.

Próf voru send í 10 grunnskóla á Suðurlandi og einn í Reykjavík vegna nemenda sem stunda nám í framhaldsskólaáföngum í þessum skólum. Nemendurnir voru 35 í eftirtöldum skólum: Bláskógaskóla, Flóaskóla, Flúðaskóla, Grunnskólanum í Hveragerði, Grunnskólanum í Þorlákshöfn, Háteigsskóla, Hvolsskóla, Laugalandsskóla, Sunnulækjarskóla og Víkurskóla. Flestir nemendurnir voru í einum áfanga, en 6 nemendur voru í tveimur. Var því farið yfir 41 próf. Fjöldi nemenda í hverjum áfanga skiptist á eftirfarandi hátt:

Áfangi:	Fjöldi nemenda:
DAN103	23
ENS103	15
STÆ103	3
Samtals	41

2014 vor

Eins og áður var próftaflan samin af Þórnari Ingólfssyni, aðstoðarskólameistara. Vegna verkfalls kennara og stjórnenda í framhaldsskólum seinkaði prófum um tæpan hálfan mánuð miðað við það sem venjulegt er. Prófatíminn var frá 12. til 21. maí, aðeins 6 dagar í stað 7-8 daga venjulega. Undirbúningur fyrir prófin hófst 1. maí. Gögnin fóru í stofurnar sunnudaginn 11. maí og prófin hófust kl. 8:30 þann 12. maí. Lögð voru 2.019 próf fyrir nemendur fyrir utan sjúkrapróf. Eru þetta um 300

færri próf en á vorönn 2013. Að vanda var fjöldi nemenda í prófum mestur í stærðfræði (473 nemendur í tveimur stökkum) og íslensku (356 nemendur í tveimur stökkum). Fæstir voru nemendur í RAM203 (9. nem.), RTM302 (5 nem.) og TÖL áföngunum tveimur, 113 og 203 (7 nem. í hvorum).

14 próf voru lesin inn fyrir 8 nemendur. Að vanda voru hljóðskrárnar settar í tölvur sem staðsettar voru í stofu 208. 16 nemendur tóku próf á tölvu og fjórir af þeim voru líka með hljóðskrá. Aftur er Helga Hermannssyni þakkað fyrir ómetanlega aðstoð. Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður bókasafnsins hljóp í skarðið fyrir Helga síðustu 3 prófadagana og þakka ég henni mjög vel unnin störf. 93 nemendur fóru fram á að taka prófin í fámenni. Að vanda voru stofur 208 og 212 notaðar fyrir séraðstæður en bæta varð við þremur stofum þegar flestir nemendur voru í prófum (enska, íslenska, stærðfræði). Aðeins einn nemandi óskaði eftir einmenni í tveimur prófum.

Þrír nemendur tóku próf í heimabyggð – tveir af þeim tvö próf. Einn nemandi tók munnlegt próf að hluta. Fjögur próf voru send til Danmerkur þar sem einn nemandi skólans er á samningi hjá knattspyrnufélagi í Esbjerg.

Sami máti var hafður á að ákvarða fjölda yfirseta hjá kennurum og áður. Samkvæmt því hefðu flestir kennarar átt að sitja yfir 4-5 sinnum. Ekki reyndist þörf á svo mörgum yfirsetum og flestir sluppu með einni til tveimur yfirsetum minna en kennslumagn sagði til um. Vegna þess hversu stuttur prófatíminn var, voru engin munnleg próf í próftöflunni og ekki heldur stafsetningarpróf í íslensku.

Sjúkraprófin gengu vel. Rétt eintök prófa áttu að vera komin í skjalaskápinn á skrifstofunni fyrir kl. 13:00, mánudaginn 19. maí. Óvenjulegt var að í þetta sinn voru tveir sjúkraprófsdagar. Þorri nemenda fór í sjúkrapróf þriðjudaginn 20. maí kl. 8:30, en nemendur sem voru veikir þegar ákveðnir áfangar voru prófaðir, fóru í sjúkrapróf miðvikudaginn 21. maí kl. 8:30. Um var að ræða 8 áfanga (FRA403, ÍSL203, ÍSL303, ÍSL403, ÍSL503, LÍF223, NÁT103 og VIÐ113). Ástæða þessarar nýbreytni var að nokkrir nemendur voru búnir að plana utanlandsferð eftir að venjulegum prófatíma hefði átt að vera lokið, en eins og áður kom fram frestuðust prófin vegna verkfalls. Þessir nemendur voru því fjarverandi nokkra prófdaga og á eiginlegum sjúkraprófsdegi, þannig að settur var inn sérstakur sjúkraprófsdagur fyrir áfangana sem þeir misstu af.

Prófin voru öll komin á Skúlaskeið á réttum tíma. 68 nemendur tóku sjúkrapróf fyrri daginn, flestir tóku eitt próf, en 5 nemendur tóku tvö. Nauðsynlegt reyndist að hafa sjúkrapróf í stofu 208 (séraðstæður – fámenni/tölva). 28 nemendur fengu að fara í sjúkrapróf vegna prófklemmu – er greinilega töluverð aukning á fjölda þessara nemenda bæði á haustönn 2013 og vorönn 2014. Flestir þeirra, sem áttu að vera í tveimur prófum á sama tíma, tóku þau hvort á eftir öðru. 22 nemendur tóku próf seinni sjúkraprófsdaginn, þrír af þeim tvö próf, hvort á eftir öðru. Þrír nemendur fóru í endurtektarpróf, allir á sitt hvorum tímanum og þrír nemendur tóku endurtektarpróf í fjarnámsáföngum í öðrum skólum.

Eins og áður dreifði prófstjóri sjúkraprófunum í stofurnar að morgni sjúkraprófsdags. Stofumiðar höfðu verið hengdir upp og settir í stofurnar daginn áður.

Próf voru send í 9 grunnskóla á Suðurlandi. Í þetta sinn voru nemendurnir 51 í eftirtöldum skólum: Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, Bláskógaskóla, Flúðaskóla, Grunnskólanum í Hveragerði, Grunnskólanum í Þorlákshöfn, Hvolsskóla, Laugalandsskóla Sunnulækjarskóla og Víkurskóla. Flestir nemendurnir voru í einum áfanga, en fjórir nemendur voru í tveimur og einn í þremur. Farið var yfir 57 próf. Fjöldi nemenda í hverjum áfanga skiptist á eftirfarandi hátt:

Áfangi:	Fjöldi nemenda:
DAN103	5
DAN203	21
ENS103	12
ENS203	16
STÆ203	1
ÞYS103	2
Samtals	57

Selfossi, 4. júní 2014

Ragnheiður Ísaksdóttir